



Fundargerð

Þriðjudaginn 25. júní 2013 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 9.00 á skrifstofunni á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri. Guðjón Ólafsson fræðslustjóri sat fundinn undir dagskrárliðum 3 og 4.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Staða og horfur í rekstri

Fyrir fundinum lá útprentun úr bókhaldi sem stjórn yfirfór. Fram kom að kostnaður við rekstur hefur verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og fyrir séð er að nokkur kostnaður er að bætast við, greiðslur vegna málefna fatlaðra hafa ekki staðist þar sem af er árinu hefur verið greitt skv. áætlun 2012 sem er lægri en áætlun 2013.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og félagsmálastjóra að að fara yfir, reikna og leggja fyrir stjórn hvaða breytingar þurfi að gera á kostnaðaráætlun ársins og hvort fara þurfi fram á aukin framlög frá sveitarfélögunum til rekstrar.

2. Hnitbjörg, framkvæmdir

Ágúst Þór gerði grein fyrir undirbúningi vegna framkvæmda í kjallara Hnitbjarga sem reiknað er með að hefjist næstu daga. Stjórn fór yfir fyrirhugaða lántöku hjá LS og ákvað að óska eftir að lán vegna framkvæmdanna verði með föstum vöxtum til 11 ára (LSS 24).

3. Dreifnám

Fyrir fundinum lágu fundargerð starfshóps um dreifnámið 14.06.2013 og fjárhagsáætlun. Guðjón Ólafsson og Ágúst Þór gerðu grein fyrir stöðu dreifnámsins. Fram kom að starf umsjónarmanns hefur verið auglýst og viðtöl tekin við umsækendur en ráðning hefur ekki farið fram.

Stjórnin ræddi stöðu málsins og fór yfir þau gögn sem fyrir fundinum lágu. Rætt var um nemendafjölda, fyrirkomulag og áætlaðan kostnað. Í kostnaðaráætlun sem lá fyrir fundinum er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við dreifnám á fyrsta skólaári verði um 17,9 milljónir. Þar af er áætlaður stofnkostnaður og rekstur sem FNV sér um 10,9 millj. Kostnaður vegna reksturs húsnæðis og búnaðarkaupa er um 7 millj. Gert er ráð fyrir að 10 milljón króna framlag Sóknaráætlunar landshluta skiptist þannig að FNV nýti 7 milljónir upp í sinn kostnað en 3 milljónir komi á móti kostnaði heima í héraði. Áætlað er að leysa þurfi um 4 milljóna króna kostnað með framlögum sveitarfélaga og styrktaraðila. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina eða fjárhagsáætlunina.

4. PMTO námskeið

Fræðslustjóri gerði grein fyrir námskeiðinu sem nú er hafið og greiðsla hefur borist frá ráðuneyti vegna þess kostnaðar. Hluti af kostnaðinum er að auka starfshlutfall starfsmanns til að stunda námið. Framkvæmdastjór greindi frá að gerð hafi verið drögað viðauka við



ráðningarsamning Sigrúnar Líndal þar sem starfshlutfall hennar er aukið úr 50% í 75% tímabundið frá 15. maí 2013 til 1. sept. 2014 til að stunda námið og fylgja því eftir í framkvæmd. Stjórn samþykkti umrædda hækkun á starfshlutfalli.

5. Málefni fatlaðra – viljayfirlýsing.


Fyrir fundinum lágu drög að viljayfirlýsingu þar sem byggðasamlag um málefni fatlaðra Nl. Vestra, Blönduósbær og Félags og skólaþjónusta A-Hún gera með sér samkomulag um að sértækur kostnaður við endurbætur á félagslegu húsnæði fyrir fatlaðan einstakling verði greiddur af SSNV málefni fatlaðra til Blönduósbæjar í gegnum félags og skólaþjónustuna. Í viljayfirlýsingunni er gert ráð fyrir að kostnaðurinn geti orðið 6 milljónir og að endurgreiðslur fari fram á næstu 12 árum. Stjórn samþykkti heimild til framkvæmdastjóra til að undirrita viljayfirlýsinguna.

6. Önnur mál


Til umræðu var tekið hvort rétt sé að leggja til ísskápa í íbúðir fyrir eldri borgara í Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd. Samþykkt að ekki verði lagðir til ísskápar við útleigu íbúðanna eftirleiðis.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.10


Magnús Sigurðsson,


Yignir Sveinsson,


Ágúst Þór Bragason,


Auður H. Sigurðardóttir


Magnús B. Jónsson